

Reykjavík, apríl 2014

## **MEXT - Styrkur til náms í Japan 2015 (framhaldsnám á háskólastigi)**

Ríkisstjórn og menntamálaráðuneyti Japans (MEXT) bjóða fram styrk handa íslenskum ríkisborgurum til rannsóknarnáms á framhaldsstigi í Japan.

Í boði er að þiggja styrk annað hvort frá apríl eða október 2015. Þeir sem hefja nám í apríl munu halda styrknum í tvö ár á meðan þeir sem hefja nám í október munu halda styrknum í 18 mánuði. Ríkisstjórn Japans sér fyrir flugfari báðar leiðir, skólagjöldum og mánaðarlegum styrkgreiðslum. Samkvæmt fjárlögum fyrir 2014 verður mánaðarlegur styrkur 143.000~145.000 yen (þessi fjárhæð kann að breytast.)

Þeir sem eru fæddir 2. apríl 1980 eða seinna og hafa lokið grunnnámi í háskóla þegar styrktímabilið hefst eru gjaldgengir til að sækja um MEXT rannsóknarnámsstyrkinn. Umsækjendur verða að sækja um í áframhaldandi nám af þeim toga sem þeir hafa þegar lokið, eða skyldum fögum.

Fög, svo sem hefðbundin leiklist og sértæk menningartengd fög, sem alla jafnan eru ekki kennd við japanska háskóla eru ekki styrkhæf, nema viðkomandi háskóli hafi þegar tryggt inngöngu. Lesa má frekar um skilmála styrksins í leiðarvísi á netinu (sjá neðar).

Það er grundvallaratriði að umsækjendur hafi fundið viðeigandi háskóla í Japan þar sem þeir geta sinnt rannsókn/námi sínu og að þessir háskólar séu upptaldir í fylgiskjali (Attachment form) umsóknarinnar þegar henni er skilað inn til sendiráðsins. Gert er ráð fyrir að umsækjendur sem standast forval sendiráðsins muni sjálfir vera í sambandi við háskólana og reyni að fá inngöngu í þá.

Umsækjendur verða að vera að vel á sig komnir andlega og líkamlega auk þess að hafa áhuga á að læra japönsku. Ætlast er til þess að styrkþegar verði komnir til Japans milli 1. og 7. apríl 2015 eða innan tveggja vikna frá því að viðkomandi háskóli hefur kennslu á önninni.

Umsjón með forvali verður í höndum Sendiráðs Japans á Íslandi. Umsóknir þeirra sem tilnefndir eru í forvali verða svo áframsendar til MEXT í Japan þar sem endanleg ákvörðun verður tekin.

Leiðarvísi með umsókn og eyðublöð má nálgast á heimasíðu sendiráðsins:

<http://www.is.emb-japan.go.jp/>

Umsóknum skal skila **eigi síðar en mánudaginn 30. júní 2014** til Sendiráðs Japans við Laugaveg 182, 6. hæð, 105 Reykjavík. Ekki verður tekið við umsóknum sem eru ókláraðar eða sem berast of seint. Allir umsækjendur sem teljast hæfir verða boðaðir í viðtal, auk skriflegs prófs í japönsku og/eða ensku hjá sendiráðinu í **júlí 2014**.

Allar frekari upplýsingar eru veittar hjá:

**Sendiráði Japans á Íslandi**

Sími: 510-8600 Fax: 510-8605

Tölvupóstur: [japan@rk.mofa.go.jp](mailto:japan@rk.mofa.go.jp)

Heimasíða: <http://www.is.emb-japan.go.jp/>